



Landssamband fiskeldisstöðva

Markaðsmál – framtíðarskipulag og samstarf

Ráðstefna um framtíðarsýn og stefnumótun
í íslensku bleikjueldi

Hótel Loftleiðum 27. október 2006

Guðbergur Rúnarsson




Sérstaða bleikju miðað við annan eldisfisk frá Íslandi

- Eldisfiskur frá Íslandi er yfirleitt þekkt afurð á markaði.
 - Eldisfiskur: þorskur, lax, lúða og sandhverfa eru í samkeppni við ræktaða eða villta frændur sína erlendis.
- Öðru máli gegnir um bleikjuna. Hún er nánast óþekkt.
 - Markaður fyrir bleikju eru örsmáir og raunar er hún aðeins þekkt á ákveðnum svæðum.
- Í þessu erindi verður reynt að gera grein fyrir sérstöðu bleikjunnar á erlendum mörkuðum og hvernig félagið getur aðstoðað við markaðsmálin.



Útbreiðsla bleikjunnar *Salvelinus alpinus*

Útbreiðsla bleikjunnar (Arctic Charr) Rauðu svæðin




- ▶ Bleikjan er ferskvatnstegund sem er aðallega að finna á norðurhveli jarðar.
- ▶ Útbreiðsla bleikju:
 - ▶ N-Ameríka, Grænland, Svalbarði, Ísland,
 - ▶ Norðurlönd, Rússland, Bretlandseyjar og nyrsti hluti Asíu
 - ▶ Í Evrópu, einkum þeim svæðum sem liggja að Ölpunum.
- Sjógöngubleikja er við:
 - Grænland, Ísland, Svalbarða og Noreg.
- ▶ Í öðrum löndum er bleikja aðallega í landluktum stöðuvötnum.

Framleiðsla á eldisbleikju á Íslandi

Tonn - Óslægður fiskur

* Spá




Helstu fyrirtæki með hroгнаframleiðslu, seiðaeldi og matfiskeldi á bleikju



Helstu framleiðslupjóðir bleikju

- Framleiðsla Íslands og nágrannapjóðanna var rúm 4100 tonn á árunum 2003/4 en gæti numið allt að 5600 tonn í ár.
- Vænta má aukningar á næstu árum frá ýmsum þjóðum.
- Samkeppni verður líklegast frá Noregi á Evrópumarkaði en frá Kanada á Ameríkumarkaði.



Lindableikja - *Salvelinus Fontinalis*

- Þekkt tegund á staðbundnum svæðum í Evrópu og BNA.
- Fiskur með sérlega fallegan roðlit.
- Lindableikja er að einhverju leyti í samkeppni við bleikju.



- En bleikjan hefur líka notið góðs af samkeppninni.



Regnbogasilungur - Oncorhynchus mykiss

Aqualande í Frakklandi

- Ferskur regnbogasilungur er framleiddur og verkaður samkvæmt NFV 45-100 staðli og ber merkið “la truite, charte qualité”.
- Seldur slægður í stærðunum 170g - 300g og 800g - 1500g.
- Eru einnig úrval af ferskum, daglega unnum flökum með roði eða roðflett í stærðunum 80g - 400g.
- Bjóða einnig fram flakastykki, steikur og kebab.



Aðgerðir vegna stöðu fiskeldis

Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneyti 18. apríl 2006

- Með 10 milljón króna framlagi næstu þrjú ár til markaðs- og sölustarfs fyrir bleikju.
- Hver er vilji bleikjuframleiðenda til að nýta þennan stuðning á sem hagkvæmasta hátt?
 - Með mótframlagi er fjármagnið 20 m.kr. á ári!
 - Umsóknarfrestur rennur út 1. febrúar 2007!
 - Markaðstengdu verkefnin sem liggja fyrir eru mörg!
 - Þau skarast og eru á nokkrum sviðum!



Viðbrögð félagsins og aðkallandi verkefni

Aðkallandi verkefni:

- Styrkja markaðsstarfið á þekktum mörkuðum:
 - Með sýningarhaldi, kynningum og beinu markaðsstarfi t.d. í Brussel, Boston.....
 - Þróa nýja markaði, t.d. á Norðurlöndum, Bretlandi
 - Koma á samböndum við fiskisala sem þjónusta dýrari veitingahús erlendis
 - Koma á sambandi við dreifingaraðila sem þjónusta heilsutengd veitingahús
 - Efla dreifimiðstöðvar.....
- Æskilegt er að fram fari markaðskonnnun á bleikju
 - Á völdum veitingastöðum sem bjóða erlendum ferðamönnum bleikju á Íslandi
- Efla og treysta samstarf við matvælaráðstefnur og kynningar
- Athuga að staðla útlit bleikjunnar og/eða gefa út staðal um bleikju
- Bæta gæðakerfi fyrir bleikju og afurðir hennar.



Sýningin í Brussel 2006

Icelandic Arctic Charr



Brussel 2006 – var fyrsta skrefið



- Icelandic Arctic Charr.
- Sýna ferska bleikju og flök.
- Hitta aðila sem hafa áhuga á að versla með bleikju.
- Treysta sambönd.
- Kynnast markaðinum.
- Fá reynslu af kynningarstarfi og sýningu.
- Búa almennt í hagin fyrir stærri markaðsverkefni á þessu sviði.



Helstu niðurstöður

Á undanförnum mánuðum hefur LF skoðað þróun framleiðslu á bleikju.

- Vænta má verulegrar framleiðsluaukningar á næstu árum.
- Gera má ráð fyrir a.m.k. 3.000 tonna framleiðslu frá Íslandi á næsta ári og að heimsframleiðslan verði um 6.000 tonn.
- Þörf er á verulegu átaki í sölu- og kynningarmálum fyrir bleikju sem kosta mun umtalsverða fjármuni.
- Hátt verð hefur fengist fyrir bleikjuafurðir eða um 50% hærra verð en fyrir laxaafurðir.
- Nauðsynlegt er að verð á bleikju verði áfram hátt til að tryggja framtíð bleikjueldisins.
- Góð reynsla var af sýningar- og kynningastarfi á sjávarútvegs-sýningunni í Brussel 2006.



Hvernig getur LF aðstoðað bleikjuframleiðendur við markaðsmálin?

Sem dæmi getur félagið aðstoðað við sameiginleg hagsmunamál bleikjuframleiðenda í markaðsmálum, t.d með að:

- Skipuleggja samstarfsfundi og markaðsstarf
- Hafa ýmis samskipti t.d. við útflutningsráð og sýningaraðila
- Útvega sýningabás og ýmislegt tengt sýningahaldi
- Hafa umsjón með markaðsverkefnum
- Afla upplýsinga fyrir félagsmenn
- Hafa samskipti við stjórnvöld og styrktarsjóði
- Aðstoða við gerð umsókna um styrki til að fjármagna einstök markaðsverkefni
- Stuðla að bættri tölfræði í bleikjueldinu.



Aðkoma félagsins að markaðsstarfi fyrir bleikju

- LF hefur þegar pantað sýningarbás í Boston og Brussel fyrir sýningarnar 2007 og sýningarefni er til frá síðustu sýningu.
- Félagið hefur beitt sér fyrir því að finna aukið fjármagn umfram 10 milljóna króna stuðning ríkisstjórnarinnar til að tryggja samfellt þriggja ára markaðsátak fyrir bleikju.
- Ég hef góðar vonir um að það takist:
 - Velvilji er hjá AVS rannsóknasjóði og viðbótarfjármagn mögulegt úr þeirri átt fyrir verkefni sem sjóðurinn treystir sér til að styrkja.
 - Telja verður að velvilji sé til staðar hjá Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem hefur í gegnum árin stutt markaðs- og söluverkefni fyrir bleikju.
- Það er mjög líklegt að fjármagn til markaðsverkefna sé sæmilega tryggt og að nauðsynleg samfeldni í markaðsstarfinu haldi.
- Félagið hefur þegar mótað ramma fyrir þrjár árlegar sýningar.
- Næstu skref eru að móta og skipuleggja markaðsstarfið enn frekar og leggja inn umsókn til sjóðanna.



Takk fyrir að hlusta – bleikja er góð



Bon Appétit